

# RÉTTINDI ÚTSKÝRÐ

## MANNRÉTTINDI OG VOPNUÐ ÁTÖK FYRSTI HLUTI

Virðing fyrir mannréttindum og vernd þeirra verður enn nauðsynlegri á tímum vopnaðra átaka. Í þessu fræðsluhefti verður útskýrt **hvers vegna mannréttindi skipta máli í stríði**. Lögð verður áhersla á reisu, öryggi og velferð einstaklinga, þar á meðal óbreyttra borgara, hermanna og fanga.

## JAFNVEL Í STRÍÐI GILDA REGLUR

### HVAÐ VERÐUR UM MANNRÉTTINDI Í VOPNUÐUM ÁTÖKUM?

Mannréttindi eru algild þar sem þau verða ekki tekin af einstaklingum og gilda án tillits til þess hvort þau sé að finna í lögum og reglum viðkomandi ríkis. Mannréttindi eru víðtæk og ná meðal annars yfir réttindi á borð við tjáningarfrelsi, rétt til heilsu og rétt til að taka þátt í menningarlífi samfélagsins. Þessi réttindi koma fram í fjölmörgum mannréttindayfirlýsingum og samningum. Ein þekktasta yfirlýsingin er Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sem var samin í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Meðal þekktra samninga eru alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn). Hvað verður um vernd mannréttinda í vopnuðum átökum? Hefur fólk enn sömu réttindi? Eða eru mannréttindi ekki virt, vernduð og tryggð með sama hætti á friðartímum sökum víðtæks ofbeldis og upplausnar sem vopnuð átök valda?

Á stríðstímum nýtur fólk enn mannréttinda sinna. Þetta gildir um **borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi**, þar á meðal réttinn til lífs og réttinn til sanngjarnrar málsmeðferðar. Sem dæmi þá gildir bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu ekki síður á hættutímum, líkt og á stríðstímum. Það sama gildir um **efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi**. Börn eiga til dæmis enn rétt á menntun í vopnuðum átökum eða á tímum náttúruhamfara. Að sama skapi á fólk rétt á heilbrigðisþjónustu, húsaskjóli, fæðu og hreinu vatni. Þótt áhrif vopnaðra átaka hafi oft hræðileg áhrif á mannréttindi **ber ríkjum samt sem áður skylda til að virða, vernda og tryggja réttindi allra einstaklinga og hópa**.



# HVAÐ VERÐUR UM MANNRÉTTINDI Í VOPNUÐUM ÁTÖKUM?

Í neyðarástandi hafa stjórnvöld viðkomandi lands ekki getuna til þess að tryggja mannréttindi með sama hætti og áður. Stjórnvöld geta því upp að ákveðnu marki aðlagð starfshætti sína til þess að takast á við neyðarástandið. Sem dæmi geta stjórnvöld sent út skipun um rýmingu vegna náttúruhamfara á borð við jarðskjálfta eða flóð til þess að koma fólki á örugg svæði með skipulögðum samgöngum og tímabundinni gistingu. Þá geta aðföng líkt og fæði, vatn, lyf og eldsneyti verið af skörnum skammti í vopnuðum átökum. Stjórnvöld gætu því þurft að skammta slíkt til þess að tryggja að allir fái nauðsynlegar birgðir.

Stjórnvöld geta þó **aðeins takmarkað sum mannréttindi og aðeins þegar brýna nauðsyn ber til**. Þau verða samt sem áður ávallt að fylgja alþjóðalögum og geta ekki leyst sig undan ábyrgð á brotum á alþjóðalögum. Stjórnvöld geta jafnframt ekki notað neyðarástand til þess að beita fólk órétti eða mismuna því á grundvelli kynþáttar, litarhafts, kynvitundar, tungumáls, trúar eða annarra ómálefnalegra ástæðna.

Ákveðin mannréttindi eru talin það nauðsynleg fyrir vernd allra einstaklinga að það er aldrei hægt að takmarka þau eða breyta þeim, jafnvel á tímum vopnaðra átaka eða í neyðarástandi. Á meðal þeirra eru:


- ▶ Réttur til lífs
- ▶ Bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu
- ▶ Bann við þrælahaldi
- ▶ Réttur til sanngjarnrar málsmeðferðar
- ▶ Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi
- ▶ Bann við gíslatöku, mannránum og þvinguðum mannshvörfum
- ▶ Grundvallarskyldur á borð við nauðsynlega heilbrigðisþjónustu án mismununar ásamt rétti til fæðu, húsaskjóls og hreins vatns

## MANNRÉTTINDI GILDA ALLTAF, ÞAR Á MEÐAL Í VOPNUÐUM ÁTÖKUM.

Ríkjum ber ávallt skylda til að virða, vernda og tryggja mannréttindi, jafnvel í stríðum og vopnuðum átökum. Slíkt kemur fram í alþjóðlegum mannréttindalögum, sem ná yfir borgaraleg, stjórnmalaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Alþjóðleg mannréttindalög gilda bæði á friðartímum og á meðan vopnuð átök standa yfir. Í vopnuðum átökum gilda hins vegar líka önnur lög til að hafa stjórn á stríðsaðgerðum allra stríðsaðila: **alþjóðleg mannúðarlög**.



# HVAÐ ERU ALÞJÓÐLEG MANNÚÐARLÖG?



Jafnvel í stríðum og vopnuðum átökum gilda reglur. Þessar reglur er að finna í alþjóðlegum mannúðarlögum.

Alþjóðleg mannúðarlög kveða á um hvað má og hvað má ekki gera í vopnuðum átökum. Þar eru settar fram reglur til þess að vernda óbreytta borgara, sem eru þeir einstaklingar sem taka ekki beinan þátt í hernaðaraðgerðum eða hafa lagt niður vopn. Alþjóðleg mannúðarlög setja líka takmarkanir á þær aðferðir sem beita má í hernaði. Lögunum er ætlað að bjarga mannlífum, minnka þjáningu og takmarka þær skaðlegu aðferðir sem ríki og vopnaðir hópar geta beitt í vopnuðum átökum. Með öðrum orðum skilgreina alþjóðleg mannúðarlög hvað telst ásættanleg háttsemi í átökum. Alþjóðleg mannúðarlög eru samtengd alþjóðlegum mannréttindalögum og saman veita þau víðtækari vernd fyrir óbreytta borgara og annað fólk í átökum.

Þessar reglur má finna í Genfarsamningunum frá 1949, viðbótarbókunum við þá frá 1977 og í Haag-reglunum frá 1907.

Þrátt fyrir að alþjóðleg mannúðarlög séu margoft brotin minnkar mannleg þjáning töluvert þegar þeim er framfylgt. Öll ríki og vopnaðir hópar eru skyldug til þess að framfylgja alþjóðlegum mannúðarlögum. Alþjóðleg mannúðarlög eru algild og skilyrðislaus. Auk þess eru þau ekki gagnkvæm, sem þýðir að brot eins aðila á alþjóðlegum mannúðarlögum réttlætir ekki brot gagnaðila.

## VOPNUÐ ÁTÖK ÞURFA LÖG OG REGLUR.



**Í STUTTU MÁLI:** Alþjóðleg mannúðarlög gilda eingöngu í vopnuðum átökum en alþjóðleg mannréttindalög gilda alltaf, líka í neyðarástandi eða vopnuðum átökum. Alþjóðleg mannréttindalög fela í sér skyldur til þess að virða, vernda og tryggja mannréttindi, líkt og réttinn til lífs, menntunar, húsaskjóls og heilsu. Þessar skyldur eiga ekki aðeins við um skyldur ríkja gagnvart eigin borgurum heldur eiga þær einnig við í átökum við önnur ríki, eins og þegar um er að ræða innrás eða hernám. Vopnuð átök eru ekki undanskilin reglum, þvert á móti. Þar sem þau fela í sér eyðileggingu er nauðsynlegt að fyrir hendi séu lög sem vernda óbreytta borgara og draga úr mannlegri þjáningu í vopnuðum átökum.



# NOKKUR GRUNDVALLARATRIÐI ALÞJÓÐLEGRA MANNÚÐARLAGA

## 1 VERND ÓBREYTTTRA BORGARA

Fæst fólk á átakasvæðum tekur virkan þátt í átökunum, jafnvel þó að það taki afstöðu í þeim. Þeir einstaklingar sem taka ekki beinan þátt í hernaðaraðgerðum eða eru hættir því eru kallaðir óbreyttir borgarar. Alþjóðlegum mannúðarlögum er ætlað að vernda óbreytta borgara og aðra frá skaða í hernaðaraðgerðum. Sumir einstaklingar eru í viðkvæmri stöðu og þurfa því meiri vernd, líkt og börn, veikt og sært fólk og fangar.

## 2 VERND BARNA

Börn eru oft í meiri hættu í átökum og njóta því sérstakrar verndar í alþjóðlegum mannúðarlögum. Gera þarf ráðstafanir til að vernda börn með besta móti. Það verður að veita þeim aðstoð og umönnun, sjá til þess að þau geti mætt í skóla þrátt fyrir átök, koma í veg fyrir að þau taki þátt í hernaði, tryggja að þau verði ekki aðskilin frá fjölskyldu sinni og gæta þess sérstaklega að þeim verði ekki rænt.

## 3 VERND SPÍTALA OG SKÓLA

Borgaralegar eignir, eins og íbúðarhúsnæði, skólar, spítalar og trúarlegar byggingar, njóta sérstakrar verndar. Ekki skal ráðast á þessar eignir né nota þær í hernaðarlegum tilgangi. Alþjóðleg mannúðarlög kveða á um að allir aðilar í átökum virði og verndi spítala, heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga. Skólar gegna jafnframt mikilvægu hlutverki í hverju samfélagi og því eiga stríðsaðilar ekki að nota þá í hernaðarlegum tilgangi. Árásir af ásettu ráði á þessa innviði eru stríðsglæpir.

### SKILGREININGAR

**Stríðsglæpur** er alvarlegt brot á alþjóðlegum mannúðarlögum í stríðsátökum. Á meðal þeirra eru morð af ásettu ráði, beinar árásir á óbreytta borgara, pyndingar, notkun vopna sem eru bönnuð, ill meðferð á stríðsföngum og kynferðisofbeldi.

**Glæpur gegn mannúð** er einn alvarlegasti glæpurinn. Víðtækar eða kerfisbundnar ómannúðlegar atlitgætur gegn óbreyttum borgurum eins og morð, pyndingar, þrælachald, þvinguð mannshvörf, nauðganir og aðskilnaðarstefna sem ríki eða samtök fremja teljast sem glæpur gegn mannúð. Glæpir gegn mannúð geta verið framdir utan stríðsátaka.

## 4 ÁRÁS Á HERNADARLEG SKOTMÖRK, ÁN TILLITS TIL ÞESS HVORT FJÓLDI ÓBREYTTTRA BORGARA MUNI LÁTA LÍFIÐ EÐA SÆRAST, ER ÓLÖGLEG

Þetta er það sem kallast **meðalhófsreglan**, sem er grundvallarhugtak í alþjóðlegum mannúðarlögum. Meðalhófsreglan krefst þess að aðilar í vopnuðum átökum meti raunverulegan og beinan hernaðarávinning árárs á móts við þann skaða eða eyðileggingu sem óbreyttir borgarar og borgaralegar eignir geta orðið fyrir. Það þýðir að **skaði óbreytttra borgara í kjölfar hernaðaraðgerðar skal ekki vera óhóflegur í samanburði við raunverulegan og beinan hernaðarávinning árásarinnar. Árás af ásettu ráði sem veldur óhóflegum skaða er stríðsglæpur.**



## 5 Í VAFA SKAL TAKA ÁKVÖRDUN SEM ER ÓBREYTTUM BORGURUM Í HAG

Í vopnuðum átökum verða árársaðilar að fylgja **aðgreiningarreglunni**, sem er annað grundvallarhugtak í alþjóðlegum mannúðarlögum. Sú regla snýst um það að árársaðilar verði að tryggja að skotmörk þeirra séu hernaðarleg en ekki borgaraleg. Alþjóðleg mannúðarlög banna árásir á óbreytta borgara og borgaralegar eignir.

**Varúðarreglan** krefst þess að það sé ávallt hugað að því að hlífa óbreyttum borgurum og borgaralegum eignum í hernaðaraðgerðum. Sérstök aðgát skal höfð nálægt borgaralegum svæðum, líkt og borgum og bæjum. Árársaðilar verða að gæta fyllstu varúðar til að fyrirbyggja eða lágmarka skaða, meðal annars með því að veita fullnægjandi viðvaranir með fyrirvara. Komi í ljós að tiltekið skotmark sé ekki hernaðarlegt eða að gera megi ráð fyrir því að árásin valdi óbreyttum borgurum óhóflegum skaða verður að stöðva eða fresta árásinni til þess að brjóta ekki meðalhófsregluna.



# ALGENGAR RANGFÆRSLUR LEIÐRÉTTAR

Alþjóðleg mannúðarlög veita ramma til þess að hafa stjórn á vopnuðum átökum. En lög geta verið flókin og því er auðveldlega hægt að misskilja þau og túlka á rangan hátt. Kíkjum á nokkrar algengar rangfærslur um alþjóðleg mannúðarlög sem verða leiðréttar með útskýringum.

**RANGFÆRSLA:** Alþjóðleg mannúðarlög eru óskilvirk því það er alltaf verið að brjóta þau.

## LEIÐRÉTTING:

Þrátt fyrir að brot á alþjóðlegum mannúðarlögum eigi sér vissulega stað og séu oft mjög greinileg eru samt sem áður mörg ríki og vopnaðir hópar sem framfylgja lögnum. Það að brot eigi sér stað sýnir ekki fram á óskilvirkni laganna, heldur undirstrikar þörfina á betri innleiðingu, framkvæmd og ábyrgðarskyldu. Raunin er sú að það er hagkvæmt fyrir stríðsaðila að framfylgja þessum lögum þar sem þeirra eigin hermenn og óbreyttir borgarar myndu þjást enn frekar ef hinn aðilinn framfylgdi þeim ekki.



**RANGFÆRSLA:** Alþjóðleg mannúðarlög skipta ekki máli því ekki er hægt að sjá til þess að þeim sé framfylgt.

## LEIÐRÉTTING:

Hægt er að sjá til þess að alþjóðlegum mannúðarlögum sé framfylgt með því að beita landslögum, alþjóðlegum dómstólum og öðrum alþjóðlegum leiðum til þess að draga ríki og vopnaða hópa til ábyrgðar. Ríki bera ábyrgð á því að innleiða alþjóðleg mannúðarlög í kerfin sín og sækja einstaklinga til saka fyrir alvarleg brot á borð við stríðsglæpi, meðal annars samkvæmt allsherjarlögsögu. Allsherjarlögsaga gerir innlendum dómstólum kleift að sækja gerendur til saka óháð því í hvaða landi meintur glæpur var framinn eða þjóðerni gerandans. Alþjóðlegir dómstólar, líkt og Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, geta lögsótt einstaklinga fyrir stríðsglæpi. Fyrirtækjum ber skylda til að framkvæma áreiðanleikakönnun til þess að tryggja að viðskipti þeirra brjóti ekki alþjóðleg mannúðarlög. Framfylgi þau ekki þessum skyldum sínum þarf að draga þau til ábyrgðar. Milliríkjasamskipti og þrýstingur frá borgarasamfélaginu og alþjóðlegum samtökum gegna einnig mikilvægu hlutverki til að stuðla að því að alþjóðlegum mannúðarlögum sé framfylgt.



**RANGFÆRSLA:** Í vopnuðum átökum helgar tilgangurinn meðalið.

## LEIÐRÉTTING:

Alþjóðleg mannúðarlög grundvallast á því að það eru takmarkanir á því hvernig stríðum og vopnuðum átökum er háttað. Sumar hernaðaraðgerðir eru bannaðar með öllu, óháð því hver sé mögulegur hernaðar-ávinningur af þeim. Það felur í sér að fylgja aðgreiningarreglunni, meðalhófsreglunni og varúðarreglunni. Megintilgangur alþjóðlegra mannúðarlaga er vernd fyrir óbreytta borgara og að koma í veg fyrir óþarfa þjáningu hermanna til að tryggja mannlega reisn, jafnvel í vopnuðum átökum. Sú hugmynd að það megi sigra með öllum tiltækum ráðum grefur undan lagalegum og siðfræðilegum viðmiðum sem alþjóðasamfélagið hefur komið á fót.

# ALGENGAR RANGFÆRSLUR LEIÐRÉTTAR



**RANGFÆRSLA:** Alþjóðleg mannúðarlög eru nýtt fyrirbæri.

## LEIÐRÉTTING:

Grundvallarreglan um mannúð í stríðsátökum er forn hugmynd og hefur verið hluti af menningarlegum og trúarlegum siðareglum í margar aldir. Þó að skráning alþjóðlegra mannúðarlaga í formi sáttmála hafi fyrst hafist fyrir rúmlega 150 árum og seinna verið útvíkkuð þá voru til staðlar fyrir þann tíma sem miðuðu að því að vernda óbreytta borgara og borgaralegar eignir og veita föngum mannúðlega meðferð. Má þar nefna „Riddarareglur í stríði“ frá orrustunni í Lagny árið 1439 fyrir stríðsátök í Evrópu á miðöldum, íslamskar reglur sem spámaðurinn Múhameð setti fram á 7. öld og fornar indverskar reglur (Mahabharata) frá 3100 f.kr.



**RANGFÆRSLA:** Óbreyttir borgarar mega aldrei vera skotmörk.

## LEIÐRÉTTING:

Það er rétt að vernd óbreyttra borgara er ein af grundvallarreglum alþjóðlegra mannúðarlaga þar sem beinar árásir á þá eru bannaðar. Málin flækjast hins vegar þegar óbreyttir borgarar taka beinan þátt í átökunum. Hlifa skal óbreyttum borgurum í árásum nema þeir taki sjálfir þátt í átökunum. Þá njóta þeir ekki lengur verndar á meðan þeir eru virkir þátttakendur í þeim. Dæmi um slíkt er þegar óbreyttir borgarar bera vopn og ráðast á óvinahermenn, nota hergögn eða herstöðvar eða taka þátt í eyðileggingu. Þeir njóta þá ekki lengur sömu verndar og óbreyttir borgarar, en aðeins á meðan þeir eru virkir þátttakendur í átökunum. Alþjóðleg mannúðarlög vernda fólk sem tekur ekki beinan þátt í átökum eða er hætt því.

**RANGFÆRSLA:** Að senda út viðvörðun um væntanlega árás skömmu fyrir sprengjuárásir er nóg til að vara óbreytta borgara við.

## LEIÐRÉTTING:

Að gefa út viðvörðun leysir ekki aðila undan skyldum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Viðvörðunin verður að vera skilvirk, skjót og skýr og gefa óbreyttum borgurum nægan tíma og möguleika til að grípa til ráðstafana sér til verndar eða rýma svæðið. Viðvörðunin ætti að tilgreina ógnina, áætlaðan árástíma og hvaða aðgerða óbreyttir borgarar ættu að grípa til sér til verndar. Óljós eða almenn viðvörðun getur talist ófullnægjandi. Viðvaranir verða einnig að vera nytsamlegar. Til dæmis getur það ekki talist skilvirk viðvörðun að skipa hundruðum þúsunda einstaklinga að yfirgefa tiltekið svæði innan takmarkaðs tímaramma og við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja fyrirmælum viðvörðunarinnar. Viðvaranir leysa jafnframt ekki aðila undan þeirri skyldu sinni að virða aðgreiningarreglu, meðalhófsreglu og varúðarreglu í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög.





# ALGENGAR RANGFÆRSLUR LEIÐRÉTTAR

**RANGFÆRSLA:** Óbreyttir borgarar sem dvelja áfram á átakasvæðum hafa samþykkt hættuna á því að týna lífi.

## LEIÐRÉTTING:

Það eru margar ástæður fyrir því að óbreyttir borgarar yfirgefa ekki svæði eftir viðvörun, þar á meðal skortur á öruggum stöðum til að fara á, ótti við að hafa engan samastað, áverkar eða veikindi, ábyrgð gagnvart fjölskyldumeðlimum í viðkvæmri stöðu, skortur á úrræðum eða einfaldlega vonin um að vernda eignir sínar og lífsviðurværi. Alþjóðleg mannúðarlög vernda alla óbreytta borgara og stríðsaðilum er skylt að forðast að skaða óbreytta borgara, óháð staðsetningu þeirra eða ástæðum þess að þeir dvelja á árásarsvæði. Handahófskenndar eða beinar árásir á óbreytta borgara sem yfirgefa ekki eða geta ekki yfirgefið svæðið í kjölfar viðvörunar brjóta í bága við aðgreiningarregluna þar sem þær byggjast eingöngu á þeirri staðreynd að þeir dvöldu á heimilum sínum.

**RANGFÆRSLA:** Gíslataka er leyfileg hernaðaraðferð.

## LEIÐRÉTTING:

Alþjóðleg mannúðarlög banna gíslatöku. Gíslataka er stríðsglæpur.

**RANGFÆRSLA:** Það eru engar lagalegar takmarkanir á hernumdum svæðum.

## LEIÐRÉTTING:

Alþjóðleg mannúðarlög setja sérstaklega reglur um hernám með það fyrir augum að vernda hernumda óbreytta borgara. Aðgerðir á borð við hóprefsingar, nauðungarflutninga og handahófskenndar og árásir sem valda óhóflegum skaða eru bannaðar og geta talist til stríðsglæpa.

## SKILGREININGAR

**Beinar árásir** eru árásir sem eru gerðar af ásettu ráði. Beinar árásir á óbreytta borgara eru stríðsglæpir.

**Handahófskenndar árásir** eiga sér stað þegar stríðsaðilar gera ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að greina á milli ólögmætra skotmarka, líkt og óbreyttra borgara og borgaralegra eigna, og lögmætra skotmarka, líkt og hernaðarlegra skotmarka á borð við hermenn.

**Árásir sem valda óhóflegum skaða** falla undir handahófskenndar árásir og eru árásir sem, jafnvel þótt skotmörk þeirra séu lögmæt, leiða til þess að mannfall óbreytta borgara er óhóflegt í samanburði við raunverulegan og beinan hernaðarárvinning árásarinnar.

ÞRÁTT FYRIR ÞENNA Langa lista  
VÆRI HÆGT AÐ TELJA UPP FLEIRI  
RANGFÆRSLUR. HEFUR ÞÚ HEYRT  
EINHVERJAR AÐRAR FULLYRÐINGAR SEM  
ÞÚ TELUR AÐ GÆTU VERIÐ RANGAR?  
GETURÐU RANNSAKAÐ ÞAÐ NÁNAR TIL  
ÞESS AÐ STAÐFESTA ÞÆR EÐA HREKJA?



# ALGENGAR RANGFÆRSLUR LEIÐRÉTTAR

**RANGFÆRSLA:** Nauðungarflutningar heimamanna innan hernuminna svæða eru leyfilegir.

## LEIÐRÉTTING:

Samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum er bannað að flytja íbúa með valdi á hernumdum svæðum. Nauðungarflutningar eru mannréttindabrot þar sem þeir aðskilja fjölskyldur og sundra samfélögum.

**RANGFÆRSLA:** Heimilt er að flytja óbreytta borgara hernámsríkis til hernuminna svæða eða koma upp landtökubyggð.

## LEIÐRÉTTING:

Alþjóðleg mannúðarlög banna stranglega stofnun byggða á hernumdum svæðum og banna hernámsríkjum að flytja óbreytta borgara sína til þessara hernumdu svæða. Slíkar aðgerðir breyta lýðfræðilegu jafnvægi svæðisins og brjóta á réttindum íbúa þar sem hernámið er þá ekki lengur tímabundið eins og það ætti að vera samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Að auki ýta þessar aðgerðir oft undir frekari átök og þjáningu. Allt þetta hefur í för með sér langtímaafleiðingar fyrir hernumdu svæðin og veldur íbúunum skaða.

Mikilvægt er að hafa í huga að alþjóðleg mannúðarlög eru ekki aðeins fræðileg. Þau snúast um að varðveita mannlega reisn í hryllingi vopnaðra átaka. Sem heimsborgari hefur þú hlutverki að gegna til þess að alþjóðlegum mannúðarlögum sé framfylgt, meðal annars með því að þekkja alþjóðleg mannúðarlög og tala fyrir því að aðilar séu sóttir til saka fyrir brot á þeim. Þannig getur þú lagt þitt af mörkum til heims sem virðir reglurnar, jafnvel á átakatímum. Mundu að þín rödd skiptir máli til að tryggja að lögum sé fylgt í átökum og að lög sem þessi veiti fólki von á átakatímum.



## VILTU VITA MEIRA?

<https://academy.amnesty.org/>

**Amnesty International**

Taktu eitt af ókeypis netnámskeiðunum okkar um mannréttindi, eins og námskeiðið „Hvað eru mannréttindi?“

<https://www.icrc.org/en/war-and-law>

**Alþjóðanefnd Rauða krossins**

Skoðaðu skyldur ríkja til að sækja gerendur mannréttindabrota til saka og hlutverk innlendra og alþjóðlegra dómstóla við að framfylgja alþjóðlegum mannúðarlögum.

<https://www.amnesty.org/en/what-we-do/armed-conflict/>

**Amnesty International**

Lestu meira um lög í stríði, hvaða vopn eru bönnuð í stríði og hverjir eru í mestri hættu í átökum.





[illegible][illegible]

**RÉTTINDI ÚTSKÝRÐ**  
MANNRÉTTINDI OG  
VOPNUÐ ÁTÖK: JAFNVEL Í  
STRÍÐI GILDA REGLUR



AI Index: MDE 15/7458/2023  
Original language: English  
[amnesty.org](https://www.amnesty.org)

